



## Saga Jóhannesar

Hæ!

Ég heiti Jóhannes. Pabbi minn dó fyrir ári síðan. Allir í fjölskyldunni hafa verið eitthvað skrýtnir síðan þá. Mamma er alltaf grátandi. Stundum liggur hún í rúminu allan daginn og fer ekki á fætur til þess að gefa okkur að borða. Systir mín er aldrei heima heldur hangir í verslunarmiðstöðinni með vinum sínum og kemur mjög seint heim svo mamma verður enn ergilegri. Yngri bróðir minn hagar sér eins og risa smábarn. Hann fór að sjúga puttann og pissa undir eftir að pabbi dó. Og ég... Ég held að ég sé að verða klikkaður. Ég geri allskonar hluti sem ég gerði aldrei áður. Í síðustu viku stal ég til dæmis súkkulaði úr búðinni. Ég veit ekki af hverju. Mér leið ekki vel á eftir. Samt, um daginn stal ég aftur – tölvuleik frá besta vini mínum. Stakk honum bara í töskuna mína þegar hann sá ekki til. En það komst upp um mig því leikurinn datt úr töskunni þegar ég var að fara heim frá honum. Hann varð brjáláður og sagðist ekki lengur vilja vera vinur minn. Hann sagði líka öllum í skólanum að ég væri þjófur. Núna vill enginn tala við mig í frímínútum. Og talandi um skólann... Ég HATA, HATA, HATA skólann!!! Ég er alltaf að lenda í veseni og er næstum daglega sendur til skólastjórans. Ég verð rekinn úr skóla ef ég fer ekki að haga mér betur. Ég læt eins og mér sé sama, en auðvitað er það ekki þannig. Og mamma fríkar út ef ég verð rekinn. Hún er nógu brjáluð út í mig samt. Við erum alltaf að rífast. Í gærkvöldi leyfði hún mér ekki að horfa á körfuboltaeik í sjónvarpinu svo ég henti fjarstýringunni í hana og sagði að ég vildi að hún hefði dáið í staðinn fyrir pabba. Seinna sá ég eftir að hafa sagt þetta. Kannski mér verði refsað fyrir að haga mér svona með því að mamma verði líka tekin frá okkur. Auðvitað vil ég ekki að mamma deyji. Og ég vildi óska að pabbi hefði ekki dáið. Ég sakna pabba mjög mikið.

Hvernig heldur þú að Jóhannesi líði?

Hvers vegna heldur þú að Jóhannes lendi svona oft í árekstrum eftir að pabbi hans dó?

Finnst þér Jóhannes vera vond manneskja? Hvers vegna ekki?

Hvaða ráð getur þú gefið krökkum í sömu sporum og Jóhannes?

Þegar krakkar lenda oft í árekstrum fer þeim að þykja að þau séu vondar manneskjur. Það er mikilvægt fyrir þau að hafa hugfast að þó *hegðun* þeirra sé ef til vill slæm þá eru *þau sjálf* ekki vondar manneskjur.

Gerðu lista yfir það sem er gott, jákvætt, skemmtilegt og sérstakt við sjálfa/n þig.

Næst þegar þér þykir þú lítils virði skalt þú minna þig á styrkleika þína.